

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til fjárlagala III fyrir árið 2025.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundi sínum með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ekki var talin þörf á að senda málið til umsagnar. Tilgangur frumvarpsins er að endurspegla stefnumarkandi ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og breyta forgangsörðun ríkisfjármála.

Í lögum um opinber fjármál er mörkuð skýr stefna um hlutverk og efni fjárlagala. Nú háttar hins vegar svo til að með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar hafa skapast þær aðstæður að hún fékk ekki tækifæri til þess að leggja fram frumvarp til fjárlaga á fyrsta starfsári sínu. Af þessu leiðir að gerð er tillaga um breytingar á gildandi fjárlögum með þriðja fjárlagalafrumvarpi ársins 2025.

Efni frumvarpsins.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. desember sl. er gerð grein fyrir markmiðum og aðgerðum sem kalla á breytta forgangsörðun innan fjárlaga ársins. Í frumvarpinu kemur fram áhrif af þeirri vinnu sem ríkisstjórnin boðaði í upphafi, með því að veittar eru fjárheimildir til tiltekinna forgangsverkefna. Önnur verkefni verða felld niður, framkvæmd þeirra frestað eða þau endurskoðuð, til að mæta þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem nýjar áherslur kalla á.

Áætlaður heildarkostnaður þeirra tillagna sem lagðar eru til í frumvarpinu nemur um 5,2 ma.kr. Á móti koma mótvægisáðgerðir sem nema um 4,1 ma.kr., m.a. vegna uppfærðra áætlana um útgreiðslur úr Orkusjóði, sem hafa verið minni en ráð var fyrir gert, og vegna lægri útgjalda atvinnuleysisbóta. Einnig er gert ráð fyrir að hliðra fjárfestingarverkefnum þar sem töf hefur orðið á því að nokkur verkefni hafi komist af stað.

Útgjaldamál eftir tilefnum.

Í eftirfarandi töflu koma fram helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar til breytinga á fjárlögum ársins. Þar vega þýngst 3 ma.kr. vegna aukinna fjárveitinga til viðhalds og endurbóta á þjóðvegum landsins. Framlög til varnarmála eru aukin um 1,1 ma.kr. og er það hluti af viðbótarstuðningi við Úkraínu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Í þriðja lagi er um að ræða 545 m.kr. til fjölgunar lögreglumanna og 350 m.kr. til að efla meðferðarúrræði við fíknivanda.

Önnur tilefni vega minna. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram nánari umfjöllun um einstök tilefni.

Tilefni útgjaldamála	Í m.kr.
<i>Ný og aukin verkefni</i>	5.228
Viðhald þjóðvega	3.000
Varnarmál	1.100
Fjölgun lögreglumanna	545
Efling meðferðarúrræða við fíknivanda	350
Varaleið ef sæstrengir rofna	90
Nýliðamenntun sérsveitarmanna	80
Undirbúningur þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB aðildarviðræður ..	25
Aukin nýting gervigreindar	20
Hagsmunafulltrúi aldraðra	18
<i>Mótvægisráðstafanir</i>	4.100
Orkusjóður, lægri útgreiðslur	1.200
Atvinnuleysisbætur, uppfærð áætlun	1.100
Fjárveiting til ráðstöfunar í orku- og loftslagsmál	600
Þjóðarhöll – hliðrun fjárfestingarframlags	500
Nýtt fangelsi – hliðrun fjárfestingarframlags	400
Stækkun framhaldsskóla – hliðrun fjárfestingarframlags	300
Nettóbreytingar heildargjalda	1.128

Endurmat á útkomu ársins 2025.

Í tengslum við undirbúning frumvarpsins og undirbúning tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 hafa afkomuhorfur ríkissjóðs verið endurmetnar. Heildarniðurstaðan er jákvæð þar sem í fjárlögum var áætlaður 63 ma.kr. halli á A1-hluta ríkissjóðs en nú er áætlað að hann verði um 28 ma.kr.

Núna er áætlað að heildartekjur verði um 50 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum en á móti vegur að útgjöldin gætu orðið um 15 ma.kr. hærri. Uppgjör sl. árs vegna virðisaukaskatts og fjármagnstekjuskatts reyndist betra en áætlað var og hefur það bein áhrif á áætlun yfirstandandi árs. Auk þess er nú gert ráð fyrir samtals 11 ma.kr. hærri arðgreiðslum, t.d. frá Landsvirkjun.

Áætluð hækkun gjalda skýrist að miklu leyti af gjaldfærslu vegna skuldbindingar ríkissjóðs vegna svonefnds varúðarsjóðs fyrir lífeyrisaukasjóð A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Samhliða vinnslu fjárlagafrumvarps í haust verða tekju- og gjaldaheimildir ársins endurmetnar með heildstæðum hætti og gerð grein fyrir því endurmati í greinargerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

Niðurstaða – breytingartillögur.

Meiri hlutinn hefur sérstaklega kannað nokkur mál sem tengjast tillögum sem fram koma í frumvarpinu og einnig mál sem tengjast áherslum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Lagðar eru til þrjár breytingartillögur.

1. Eftir endurmat á þeim útgjaldatilefnum sem fram koma í frumvarpinu er lagt til að framlögum til byggingar Þjóðarhallar verði ekki hliðrað um 500 m.kr. heldur 350 m.kr. Er það í samræmi við uppfærða áætlun um framgang verkefnisins og í samræmi við kostnaðarskiptingu milli ríkisins og Reykjavíkurborgar.

2. Í því skyni að breytingin leiði ekki til hækkunar heildargjalda er jafnframt lagt til að draga enn frekar úr framlögum Orkusjóðs um 150 m.kr. Það er einnig í samræmi við nýjustu áætlanir um útgreiðslur úr sjóðnum.
3. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem stefnt er að sterku samkeppniseftirliti og öflugri neytendavernd er lagt til veita 80 m.kr. til málefnasviðs 16 Markaðseftirlit og neytendamál. Tillagan byggist að hluta til á ábendingum sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Samkeppniseftirlitið til að bregðast við verkefnastöðu stofnunarinnar sem og auknum kostnaði hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Tillagan er einnig í samræmi við áherslur í framlagðri fjármálaáætlun þar sem lagt er til að framlög til málefnasviðsins í heild hækki um 200 m.kr. árið 2026.

Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 1:</i>			
15 Orkumál			
1. Við 15.10 Stjórnun og þróun orkumála			
<i>14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti</i>			
a. Fjármagnstílfærslur	-1.200,0	-150,0	-1.350,0
b. Framlag úr ríkissjóði	-1.450,0	-150,0	-1.600,0
16 Markaðseftirlit og neytendamál			
2. Við 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál			
<i>04 Atvinnuvegaráðuneyti</i>			
a. Rekstrarframlög		80,0	80,0
b. Framlag úr ríkissjóði		80,0	80,0
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál			
3. Við 18.40 Íþróttar- og æskulýðsmál			
<i>02 Mennta- og barnamálaráðuneyti</i>			
a. Fjárfestingarframlög	-500,0	150,0	-350,0
b. Framlag úr ríkissjóði	-500,0	150,0	-350,0

Alþingi, 18. júní 2025.

Ragnar Þór Ingólfsson,
form., frsm.

Arna Lára Jónsdóttir.

Dagur B. Eggertsson.

Eiríkur Björn Björgvinsson.

Heiða Ingimarsdóttir.